

Published: 2002-12-16 09:42:00 CET

Búnaðarbanki Íslands hf. - Fyrirtækjafréttir**Búnaðarbanki Íslands hf. - Tilkygning frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu**

Í tilkygningu til kauphallar dags. 18. nóvember sl., um samkomulag við Eglu ehf. og fleiri aðila um kaup á 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf., var greint frá því að áformað væri að ganga frá kaupsamningi fyrir lok ársins. Í tilkygningu til kauphallar frá 9. desember sl. sagði síðan að samkomulag væri um að aðild einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana í kaupunum yrði staðfest í síðasta lagi 13. desember.

Vinnu við áreiðanleikakönnun á Búnaðarbanka, sem endurskoðunarfyrtækið PricewaterhouseCoopers ehf. hefur framkvæmt, er því sem næst lokið. Gerð kaupsamnings hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Vegna þessa hefur undirskrift kaupsamnings og tilkygningu um þátttöku einnar eða fleiri erlendrar fjármálastofnunar í kaupunum verið frestað fram yfir jól og áramót eða til 21. janúar nk.

This news release was distributed by GlobeNewswire, www.globenewswire.com – a Nasdaq company